

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

652. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 28. júní 2010 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við leikskólastjóra.
2. Erindi Víglundar Gunnþórssonar og Arnars Gunnarssonar.
3. Viðhald fasteignar að Höfðabraut 6 á Hvammstanga.
4. Bréf skólastjóra grunnskóla um fastráðningu skólaliða.
5. Bréf skólastjóra grunnskóla um tímabundna ráðningu skólaliða.
6. Bréf Regínu Þórarinsdóttur.
7. Bréf Svæðisráðs málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra.

Afgreiðslur:

1. Guðrún Lára Magnúsdóttir leikskólastjóri er mætt til viðræðna við byggðarráð. Teknar fyrir tillögur skv. 5. lið 1b sem frestað var á síðasta fundi sveitarstjórnar um lokun leikskóladeildar í Víðhlíð. Byggðarráð samþykkir tillögu leikskólastjóra og byggðarráðs frá 25. maí s.l um lokun leikskóladeildar í Víðhlíð frá 1. júní 2010.
2. Tekið fyrir erindi frá síðasta fundi byggðarráðs frá Víglundi Gunnþórssyni og Arnari Gunnarssyni um framlengingu á núgildandi samningi um skólaakstur um tvö ár. Byggðarráð hafnar erindinu.
3. Viðhald fasteignar að Höfðabraut 6 á Hvammstanga, erindi frá síðasta fundi. Byggðarráð samþykkir tillögu eigendafundar um viðhald á árinu 2010. Hluttur Húnaþings vestra í ofangreindum kostnaði er u.þ.b. kr. 1.250.000. Kostnaði vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.
4. Lagt fram bréf skólastjóra grunnskóla dags.21, júní s.l., þar sem hann óskar eftir fastráðningu Vilborgar Valdimarsdóttur í 100% starf skólaliða frá 15. ágúst 2010. Byggðarráð samþykkir erindið.
5. Bréf skólastjóra grunnskóla dags 21. júní s.l., þar sem hann óskar eftir tímabundinni ráðningu Sigrúnar Evu Þórisdóttur í 50% starf skólaliða, veturinn 2010-2011. Byggðarráð samþykkir erindið.
6. Lagt fram bréf Regínu Þórarinsdóttur dags. 23.06.2010 um umhirðu opinna svæða og viðhald heitra potta á Laugarbakka. Býður hún sveitarstjórninni að koma og skoða svæðið miðvikudaginn 30. júní n.k. kl 17:00. Byggðarráð hvetur sveitarstjórn til að mæta.
7. Lagt fram til kynningar bréf Svæðisráðs málefna fatlaðra Norðurlandi vestra dags 18.06.2010 um yfirfærslu málaflokksins til sveitarfélaganna.
Samþykkt að taka á dagskrá.
8. Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Byggðasafnsins að Reykjum frá 18. júní 2010.
9. Fundargerð 96. fundar landbúnaðarráðs frá 24. júní 2010. Byggðarráð samþykkir fundargerðina.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl 15:30

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

Stefán Böðvarsson

Ragnar Smári Helgason

Áheyrnarfulltrúi:

Guðrún Ragnarsd., fundarritari

Elín Jóna Rósinberg